

AUGLÝSING

um umferð á Eskifirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Eskifjarðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Eskifirði:

I. Um biðskyldu og aðalbrautarrétt.

1. Að biðskylda verði á Túngötu gagnvart Grjótárvegi.
2. Að biðskylda verði á Bakkastíg gagnvart Grjótárvegi.
3. Að biðskylda verði á Bogahlíð gagnvart Dalbraut.
4. Að Hafnargata njóti aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum.

II. Um gangbrautir.

Gangbrautir skulu vera:

1. Á Útkaupstaðarbraut við Strandgötu.
2. Milli Strandgötu 39 og Strandgötu 40.

III. Um stöðvun og lagningu ökutækja.

Bannað er að stöðva ökutæki samsíða lóðinni að Strandgötu 29A.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Eskifirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Eskifirði, 3. ágúst 1994.

Inger L. Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku tilskipunar Evrópubandalagsins um virk, ígræðanleg lækningatæki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 7. tölul. X. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki, öðlast því gildi hér á landi. Tilskipunin er prentuð sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild 3. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.